

Alþingi
Erindi nr. P 127/71
komudagur 9.11.2001

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 6. nóvember 2001.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga til breytingar á lögum um ársreikninga nr. 144/1994.

Með bréfi dags. 16. okt. sl. er þess farið á leit við Reikningsskilaráð að það láti í ljós álit á frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum, mál nr. 114, sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Með hliðsjón af lögbundnum verkefnum Reikningsskilaráðs takmarkast umsögn ráðsins við fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga nr. 144/1994 og samsvarandi breytingar á lögum um bókhald nr. 145/1994.

Samkvæmt 49. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 25. gr. laga nr. 144/1994 falli niður. Verði þessi frumvarpsgrein að lögum er íslenskum fyrirtækjum ekki heimilt að færa eignir við hærra verði en upphaflegu kostnaðarverði. Það væri í ósamræmi við þær reglur sem kveðið er á um í 4. tilskipun Evrópusambandsins, en sú er frumheimild laga um ársreikninga. Það er því ekki nauðsynlegt að nema úr gildi efnisákvæði 25. gr. að öllu leyti, jafnvel þótt horfið verði frá verðleiðréttum reikningsskilum á Íslandi. Um ákvæðin til verðleiðréttingar fyrir áhrifum almennra verðlagsbreytinga er fjallað í 25. gr. a) en í b) lið þeirrar greinar er fjallað um endurmat eigna umfram framreiknað kostnaðarverð; sá hiuti á ekki að falla niður, standi vilji Alþingis til þess að fyrirtæki hér á landi hafi sömu heimildir til endurmats eigna og kveðið er á um í 4. tilskipuninni. Nánari reglur þarf síðan að setja um það hvernig skuli staðið að slíku sérstöku endurmati umfram upphaflegt kostnaðarverð og það er skoðun Reikningsskilaráðs að þær eigi ráðið að setja með vísan til þeirra ákvæða í lögum sem um ráðið fjalla.

Hin breytingin varðar þau fyrirmæli sem er að finna í 51. gr. frumvarpsins en þar segir að stöðu á svokölluðum endurmatsreikningi sem myndaður er samkvæmt heimild í a) lið 25. gr. laganna skuli flytja á reikninginn óráðstafað eigið fé. Hér er þess að gæta að hafi fyrirtæki fullnýtt heimildir laga til þess að endurmeta reikninginn óráðstafað eigið fé, þá ætti hann að samanstanda af samsafnaðri afkomu félags frá því að það hóf rekstur og staða reikningsins væri sýnd á verðlagi miðað við dagsetningu efnahagsreiknings. Ef staða er á endurmatsreikningi hjá fyrirtæki sem þannig hefur staðið að verki getur sú staða einungis myndast vegna þess að fyrirtækið hefur ekki gefið út jöfnunarhlutabréf í hátt við breytingar á almennu verðlagi. Samkvæmt því tilheyrir endurmatsreikningurinn innborguðu eigin fé en ekki eftirstæðum hagnaði fyrirtækisins. Með því að millifæra slíka stöðu endurmatsreikningsins á óráðstafað eigið fé væri þar með verið að blanda saman eðlisólíkum framlögum eigin fjár og það getur ekki staðist og er ekki í samræmi við meginefni þeirra reglna sem reikningsskil byggjast á, en samkvæmt þeim er skýrt kveðið á um aðgreiningu eigin fjár í þessa tvo flokka, þ.e. innborgað eigið fé og eftirstæðan hagnað (óráðstafað eigið fé). Það væri einnig í ósamræmi við fyrirmæli Evrópusambandsins um þetta efni.


Nauðsynlegt er að heimildin til að loka endurmatsreikningi verði skoðuð með hliðsjón af ákvæðum d) liðar í 25. gr. laga um ársreikninga. Ef framreiknað innborgað eigið fé er hærra en hlutafé, yfirverðsreikningur hlutafjár (eftir atvikum lögbundinn varasjóður ef hann er yfirverð) og staða á endurmatsreikningi, þá skal færa mismuninn til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé en ef því er öfugt farið skal færa mismuninn á sérstakan endurmatsreikning, þ.e. verði fyrri athugasemdin hér að framan samþykkt. Til greina kæmi þó að halda óbreyttu ákvæði d) liðar þar sem segir umframfjárhæðina skuli færa á óráðstafað eigið fé, jafnvel þótt það sé í ósamræmi við efni 4. tilskipunar Evrópusambandsins. Að þessu gerðu þarf að loka stöðu á endurmatsreikningi á sérstakan reikning fyrir innborgað eigið fé.

Hafi fyrirtæki keypt eigin hlutabréf þarf samkvæmt efni máls að taka tillit til þess hvernig kaupverðið skiptist á innborgaðan hluta eigin fjár og eftirstæðan hagnað, áður en ofangreindar færslur eru gerðar.

Eins og ráða má af ofangreindu, þá leiðir ákvæði 51. gr. frumvarpsins óbreytt til þess að hluthafar kunna að þurfa að greiða skatta af endurgreiðslu á innborguðu eigin fé þegar arðskil eru gerð umfram samsafnaða afkomu, en það væri unnt að gera, ef endurmatsreikningurinn verður færður í heild sinni á óráðstafað eigið fé. Slík skattlagning væri einnig í ósamræmi við reglur Evrópusambandsins sem almennt gera ráð fyrir að arð sé einungis heimilt að greiða út á innleysta afkomu fyrirtækis.

Að endingu vill Reikningsskilaráð taka fram, að það lýsir stuðningi við þau áform stjórnvalda að afnema verðleiðrétt reikningsskil á Íslandi, en sú afstaða byggist á þeirri forsendu að stjórnvöldum takist að halda verðbólgu á svipuðu stigi og gerist með nálægum þjóðum.

Virðingarfyllst,



Fh. Reikningsskilaráðs,
Stefán Svavarsson, formaður.